

Moldarblandan Gæðamold

Öryggis- og heilbrigðisáætlun



EFNISYFIRLIT

1	VINNUVERNDARSTARF FYRIRTÆKIS	2
2	SKIPULAG–ÖRYGGISMÁLA OG FRAMKVÆMDASVÆÐIS	3
2.1	ÖRYGGISKERFI.	3
2.2	ALMENNT UM ÖRYGGISMÁL STARFSMANNA OG STJÓRNENDA.	3
	Ábyrgð stjórnenda og einstakra starfsmanna	3
	Framkvæmdaraðili; Moldarblandan Gæðamold.	3
	Samskipti og upplýsingagjöf	3
	Öryggistrúnaðarmenn – Öryggisráð	4
	Samskipti starfsmanna, stjórnenda og Vinnueftirlitsins	4
	Æskileg boðleið	4
2.3	SKIPULAG FRAMKVÆMDASVÆÐIS	4
	Sjúkraflutningar	4
2.4	ÁBYRGÐARSKIPTING	5
	Ábyrgð öryggis- og samræmingarfulltrúa	5
	Ábyrgð öryggistrúnaðarmanna:	5
	Ábyrgð yfirmanna almennt:	5
	Ábyrgð verkstjóra:	5
2.5	VIÐBRAGÐSBÚNAÐUR.	5
2.6	ALMENNAR ÖRYGGISREGLUR.	5
3	EFTIRLIT	6
4	ÁHÆTTUMAT	6
5	ATVIKASKRÁNING	6
6	VIÐBRAGÐS- OG NEYÐARÁÆTLANIR	6
7	FRÆÐSLA STARFSMANNA	7
	VIÐAUKI I ÁHÆTTUMAT.	8
	VIÐAUKI II SLYSA OG ATVIKASKÁRNING.	9
	VIÐAUKI III VIÐBRAGÐS OG NEYÐARÁÆTLUN	10

1 Vinnuverndarstarf fyrirtækis

Reglugerð 920/2006 fjallar um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Markmið reglugerðarinnar er m.a. að draga úr fjarvistum frá vinnu vegna veikinda og slysa með því að auka öryggi og viðhalda heilsu starfsfólks.

Fyrirtækið Moldarblandan Gæðamold hefur einsett sér að vinna samkvæmt vinnuverndarlögum og hefur kosið sér vinnuverndarfulltrúa.

Öryggisvörður fyrirtækisins er Guðmundur Sveinsson

Öryggistrúnaðarmaður fyrirtækisins er Davíð Fjeldsted

Öryggis og umhverfis handbók eru aðgengilega á vinnuskúr verktaka og eru þær kynntar af samhæfingarmanni öryggismála á starfsmannafundum.

2 Skipulag–öryggismála og framkvæmdasvæðis

2.1 Öryggiskerfi.

Markmið öryggiskerfis er að samræma öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á vinnustað verksins, til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna. Handbók öryggiskerfisins fjallar um öryggismál almennt og leiðbeiningar hvaða þarfir öryggismála þarf að uppfylla á vinnusvæðinu. Viðaukar við öryggishandbókina sýna m.a. gátlista og eyðublöð fyrir þá þætti sem sérstaklega þarf að hafa í huga við framkvæmd verksins. Ekki er um tæmandi upplýsingar að ræða og geta breyttar vinnuaðferðir á verktíma haft í för með sér að áhættuþættir verksins breytist og þarf því öryggiskerfi á vinnustað að vera í stöðugri endurskoðun á verktíma og aðlögun að þeim verkefnum sem upp kunna að koma.

2.2 Almennt um öryggismál starfsmanna og stjórnenda.

Ábyrgð stjórnenda og einstakra starfsmanna

Samkvæmt vinnuverndarlögum bera allir á hverjum vinnustað vissa ábyrgð á vinnuumhverfinu. Skyldur atvinnurekenda eru víðtækastar. Þeir bera ábyrgð á vinnuumhverfi staðarins í heild. Verkstjórar bera ábyrgð á því sviði sem þeir hafa umsjón yfir. Skyldur starfsmanna afmarkast einkum af eigin vinnu og vinnubrögðum. Verkstjórar og starfsmenn eiga að bregðast við því sem aflaga fer og stuðla að úrbótum.

Framkvæmdaraðili; Moldarblandan Gæðamold.

Framkvæmdaraðili hefur skipað samræmingaraðila og ábyrgðaraðila öryggis- og heilbrigðisáætlana á undirbúnings- og framkvæmdatíma verks:

Guðmundur Sveinsson
Digranesheiði 41, 200 Kópavogur
gsm: 863-6386

Viðkomandi aðili skal meðal annars vinna að eða sjá til þess að gerð verði öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir verkið. Áætlunin á að fela í sér alla þætti er lúta að aðbúnaði, hollustuháttum og öryggisþáttum á vinnusvæðinu.

Viðkomandi aðili skal sjá til þess að tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um fyrirhugaðar framkvæmdir, áður en þær hefjast.

Samskipti og upplýsingagjöf

Ofangreindur samræmingar og ábyrgðaraðili verktaka ber ábyrgð á samskiptum og upplýsingagjöf til starfsmanna og verkkaupa. Gert ráð fyrir að upplýsingagjöf til verkkaupa sé á reglulegum verkfundum í gegnum verkið. Starfsmenn fá kynningu á áhættumati og öryggis og heilbrigðisáætlun þegar þær mæta á vinnusvæði og er sú kynning á hendi verkstjóra verksins.

Öryggistrúnaðarmenn – Öryggisráð


Öryggistrúnaðarmenn á vinnustöðum eiga að fylgjast með því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi sé í samræmi við lög og reglur. Hægt er að fá bæklinga hjá Vinnueftirliti ríkisins um hlutverk og ábyrgð þessara aðila og hvernig þeir skulu kosnir.

Samskipti starfsmanna, stjórnenda og Vinnueftirlitsins

Eðlilegast er að leysa vandamál varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan sjálfs vinnustaðarins. Ef þörf krefur er hægt að fá leiðbeiningar frá Vinnueftirlitinu, en æskilegast er að starfsmenn láti öryggistrúnaðarmann annast það. Sé þess þörf gefur Vinnueftirlitið fyrirmæli um úrbætur eða gefur frest til að framkvæma þær.

Æskileg boðleið

Hér má sjá æskilega boðleið þurfi starfsmaður að koma ábendingum um úrbætur á framfæri: Starfsmaður snýr sér til öryggistrúnaðarmanns sem hefur samvinnu við verkstjóra um vandann. Þeir leita aðstoðar og samþykkis atvinnurekanda sé tilefni til. Eins og örvarnar á mynd 1 sýna má á öllum stigum málsins leita beint til Vinnueftirlitsins ef hin eðlilega leið ber ekki árangur.



2.3 Skipulag framkvæmdasvæðis

Vinnuskúrara og aðstaða verktaka er norðan við tengivirki við Þorlákshöfn sem er við Suðurstrandaveg. Nánari staðsetning er um 800 metrar til vesturs frá Þorlákshafnarvegi. Hnit á vinnusvæðinu eru X:381.756 Y:375.001. Vinnusvæði verður síðan frá fyrrgreindu tengivirki til vesturs sunnan við suðurstrandaveg u.þ.b. 3 kílómetra þar sem það endar við athafnasvæði GeoSalmo. Lítið annað en urð og grjót er á framkvæmdasvæðinu.

Sjúkraflutningar

Nauðsynlegt getur verið að kalla á neyðarþjónu vegna flutnings slasaðra og ber þá að tryggja öryggi og greiða fyrir aðkomu þjónuðarinnar að aðstöðu verktaka.

2.4 Ábyrgðarskipting

Ábyrgð öryggis- og samræmingarfulltrúa

- Kynna verkstjórum allar öryggiskröfur.
- Sjá um að öryggiseftirlit fari fram.
- Fylgjast almennt með öryggismálum.

Ábyrgð öryggistrúnaðarmanna:

- Fylgjast almennt með öryggismálum.
- Kynna verkstjórum allar öryggiskröfur.
- Sjá um að öryggiseftirlit fari fram
- Fylgjast með skyndihjálparbúnaði.
- Samskipti við almenna starfsmenn.

Ábyrgð yfirmanna almennt:

- Öryggi starfsmanna.
- Almennt eftirlit með öryggi.

Ábyrgð verkstjóra:

- Öryggi starfsmanna
- Almennt eftirlit með öryggi.

Í neyðartilfellum skal vettvangsstjórnun vera í höndum öryggistrúnaðarmanns. Sé hann ekki á staðnum skal hún vera í höndum verkstjóra, flokkstjóra eða annars starfsmanns.

2.5 Viðbragðsbúnaður.

Í vinnuskúr er að finna slökkvitæki, sjúkrakassa og „oil spill kitt“ eða búnað til að þurrka upp olíu.

2.6 Almennar öryggisreglur.

Öryggisbúnaður sem nota skal innan skilgreinds framkvæmdasvæðis skal vera í samræmi við fyrirmæli í lögum og reglugerðum og áhættumat. Persónuhlífar skulu vera CE-merktar og uppfylla kröfur í gildandi reglugerðum. Eftirfarandi öryggisbúnaður skal ávalt nota í öllum verkum eftir því sem nauðsynlegt er.

- Hjálmar.
- Öryggisskór.
- Sýnileikafatnaður.
- Almennar merkingar.
- Sérmerkingar við hættuleg svæði.
- Öryggismannvirki.
- Öryggisbúnaður á vélum.
- Fallvarnarbúnaður þegar unnið er í hæð.

Tilvísun í lög og reglugerðir :

- Reglur nr. 497/1994 um notkun persónuhlífa.
- Reglugerð nr. 728/2008 um gerð persónuhlífa.

3 Eftirlit

Eftirlit með vinnustaðamerkingum er í höndum ábyrgðaraðila merkinga og skal yfirfara allar merkingar daglega.

Reglubundið eftirlit með vélum og tækjum er sinnt af vinnueftirliti ríkisins sem skoðar vélar og tæki árlega.

Eftirlit með vinnuumhverfi er í höndum verkstjóra á staðnum og skal hann gæta þess að vinnusvæði sé hættulaust og að notkun viðeigandi persónuhlífa sé sem skildi.

4 Áhættumat

Skv. reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, 920/2006, 27. grein er atvinnurekendum skylt að útbúa áhættumat fyrir störf innan fyrirtækisins. Við gerð áhættumats er metin áhætta í starfi m.t.t. öryggis og heilsu starfsfólks og áhættuþátta í vinnuumhverfi. Starfsfólk og vinnuverndarfulltrúar taka virkan þátt í gerð áhættumatsins. Áhættumat er gert með því að vega saman alvarleika afleiðinga af atviki og líkur á að atvik eigi sér stað. Áhættumat fyrirtækisins er að finna í viðauka 1

5 Atvikaskráning

Skv. lögum um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum 46/1980, 78. grein er atvinnurekendum skylt að skrá öll slys og næstum slys. Ferli um atvikaskráningu er til staðar hjá fyrirtækinu. Starfsfólk er hvatt til að skrá atvik og unnar eru úrbætur sem miða að því að sambærilegt atvik gerist ekki aftur. Farið er yfir atvik og áhættur með starfsfólki á verkefnafundum / morgunfundum.

Sniðmát er að finna í viðauka 2

6 Viðbragðs- og neyðaráætlanir

Skv. reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, 920/2006, 33. grein er atvinnurekendum skylt að eiga til neyðaráætlun fyrir þá vá sem upp getur komið í starfseminni.

Dæmi um viðbragðs- og neyðaráætlanir eru:

- a) Viðbrögð vegna slysa
- b) Rýmingaráætlun/flóttaleiðir
- c) Náttúruvá (eldsvoði, jarðskjálftar, veður o.fl.)
- d) Umhverfis- eða efnaslys

Neyðaráætlun fyrirtækisins er að finna í viðauka 3.

7 Fræðsla starfsmanna

Skv. reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, 920/2006, 25 grein, tryggir atvinnurekandi að starfsfólk fái nægilega þjálfun að því er varðar aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustað. Það er gert m.a. með upplýsingum og tilsögn sem sniðin eru að vinnuaðstæðum í eftirfarandi tilvikum:

- a) Um leið og starfsfólk hefur störf,
- b) Ef starfsfólk er flutt á annan stað eða í annað starf,
- c) Ef nýr búnaður er tekinn í notkun eða búnaði er breytt,
- d) Ef ný tækni er innleidd.

Lýsing á fræðslu starfsfólks fyrirtækisins: Starfsmenn fyrirtækisins fara á eftirfarandi námskeið á
Tveggja ára fresti:

-Frumnám heilsa og öryggi eða
sambærilegt

-Skyndihjálp

- öryggisnámskeið verkaupa.

Viðauki I áhættumat.

Áhættumat: Gæðamold Ábyrgð: GHS Þátttakendur: GHS, Daði, Gretti, Alexander Dagsetning: 20.3.2025 Persónuhlífar við verkið: Öryggisskór, sýnileikafatnaður, hjálmur og aðrar hlifar eftir þörfum Mikilvægi ráðstafana Útrýma/ fjarlægja áhættu Skipta út meiri áhættu fyrir minni Einangra eða hanna sig frá áhættu Verklag og þjálfun Persónuhlífar								
VERKÞÁTTUR	HÆTTA	ATBURÐUR	ORSAKIR	RÁÐSTAFANIR	AFLEIÐINGAR	LÍKUR	ÁHÆTTUSTIG	FREKARI RÁÐSTAFANIR
Vinna við moldablöndun eða aðra efnisvinnslu	Árekstur	Starfsmaður lendir í árekstri	1. Ekki viðeigandi réttindi 2. Veðurskilyrði 3. Hraðakstur 4. Bilun í ökutæki 5. Talað í farsíma	1. Starfsmaður hafi viðeigandi réttindi. 2. Aka eftir aðstæðum, nota öryggisbelti. 3. Virða umferðareglur. 4. Fyrirbyggjandi viðhald á ökutækjum. Nota ekki ökutæki með öðruggan/lélegan öryggisbúnað. 5. Nota handfrjálstan búnað.	3. Miðlungs	2. Ólíklegt	Nokkur áhætta	
Vinna við moldablöndun eða aðra efnisvinnslu	Árekstur	Starfsmaður verður fyrir ökutæki	Vinna í umferð	Virða allmennar umgengnisreglur í kringum vélar á svæðinu s.s. -Aldrei að ganga aftan við vélar sem eru akstri -Ná augnsambandi eða vera viss um að ökumaður sé meðvitaður um þig þegar þú nálgast vél. -klæðast sýnileikafatnaði með endurskini. -Búa til gönguleiðir og afmarka vel vinnusvæði svo gangandi starfsmenn séu ekki í hættu.	3. Miðlungs	2. Ólíklegt		
Vinna við moldablöndun eða aðra efnisvinnslu	Fall/hrun	Starfsmaður fellur frá brún eða kanti	1. Starfsmaður missir jafnvægið 2. Starfmaður fellur um verkfæri/jarðveg	1. Halda 2m fjarlægð frá brún. Handrið skal sett ef ekki er hægt að tryggja 2 metra fjarlægð frá brún. Nota skal fallvarnarbúnað eða taumhaldslínu ef hvorki er hægt að halda 2 metra fjarlægð eða handrið til staðar. Nota viðurkenndan fallvarnarbúnað. Starfsmaður skal hafa hlotið fallvarna þjálfun áður en vinna hefst. Meta skal aðstæður hverju sinni m.t.t. veðurskilyrða. Gæslumaður til staðar. Björgunaráætlun skal til staðar áður en verk ef framkvæmt. 2. Halda vinnusvæði hreinu og fjarlægja jarðveg ef hægt er.	4. Litlar	3. Hugsanlegt		
Vinna við moldablöndun eða aðra efnisvinnslu	Fall/hrun	Starfsmaður fellur á jafnsléttu	1. Starfsmaður fellur í hálku / missir jafnvægið 2. Starfmaður fellur á hálu gólfi / um verkfæri / um "dras!" / um jarðveg	1. Tryggja öruggar gönguleiðir um vinnusvæðið. Huga skal að veðurbreytingum (hálka, snjór, rigning). Vera í góðum skóm með grófum sóla, mannbroddar í mikilli hálku. 2. Halda vinnusvæðinu hreinu og greiðfæru. Tryggja að gólf séu ekki hál.	4. Litlar	4. Líklegt	Mikil áhætta	
Vinna við moldablöndun eða aðra efnisvinnslu	Fall/hrun	Starfsmaður fær yfir sig hlass úr gröfu	1. Ekki viðeigandi réttindi 2. Mistök/misskilningur í samskiptum 3. Búnaður bilar	1.Kranastjórnandi hafi viðeigandi réttindi. 2. Skýr samskipti milli aðila. Starfsmaður skal halda sig a.m.k. 3 metra frá vinnuvélum. 3. Sjónskoða vinnuvél (skoðanamiði).	2. Miklar	2. Ólíklegt	Mikil áhætta	
Vinna við moldablöndun eða aðra efnisvinnslu	Klemma/högg	Starfsmaður klemmir sig á handverkfæri	1. Röng notkun, beiting verkfæra 3. Bilað, lélegt eða ónýtt verkfæri	1. Verkfæri notað eins og sagt er til um. Yfirfara verkfæri áður en þau eru notuð, sjónskoða. Hlífar og öryggisbúnaður sé til staðar og í lagi á verkfærinu. 2.Taka biluð/öðrugg verkfæri úr umferð. Séu verkfæri of þung skal notast við léttitæki eða fá aðstoð.	4. Litlar	3. Hugsanlegt	Nokkur áhætta	

Áhættumat: Gæðamold Ábyrgð: GHS Þátttakendur: GHS, Daði, Gretti, Alexander Dagsetning: 20.3.2025 Persónuhlífar við verkið: Öryggisskór, sýnileikafatnaður, hjálmur og aðrar hlifar eftir þörfum Mikilvægi ráðstafana Útjöfn/ fjarlægja áhættu Skipta út meiri áhættu fyrir minni Einangra eða hanna sig frá áhættu Verklag og þjálfun Persónuhlífar								
VERKÞÁTTUR	HÆTTA	ATBURÐUR	ORSAKIR	RÁÐSTAFANIR	AFLEIÐINGAR	LÍKUR	ÁHÆTTUSTIG	FREKARI RÁÐSTAFANIR
Vinna við moldablöndun eða aðra efnisvinnslu	Klemma/högg	Starfsmaður verður fyrir hreyfanlegum hlutum vélbúnaðarins	1. Í skotlínu/er á hættusvæði 2. Öryggishlífar fjarlægðar 3. Flaksandi hár eða föt/hlutir	1. Halda sér/útlimum utan skotlínu/hættusvæðis. 2. Tryggja að öryggishlífar og öryggisbúnaður séu á búnaði. Tryggja rétta notkun á tækinu sbr. leiðbeiningar framleiðanda og/eða verklagsreglum um notkun tækis. Taka bilaðan/óöruggan vélbúnað úr umferð. (Notast við aðvörunarmerkingar ef ekki er hægt að fjarlægja búnað). 3. Tryggja að hár/föt/hlutir flækist ekki í búnaði.	2. Miklar	2. Ólíklegt	Mikil áhætta	Mjög mikilvægt að slökkva á öllum færiböndum og vélbúnaði ef eitthvað kemur upp sem þarfnast lagfæringar
Vinna við moldablöndun eða aðra efnisvinnslu	Klemma/högg	Starfsmaður klemmist á milli hluta sem hann er að bera og fyrirstöðu	Þungir hlutir, aðskotahlutir	Nota léttitæki. Fá aðstoð við flutning. Kanna aðstæður, fjarlægja hindranir. Hafa hendur utan skotlínu/hættusvæðis. Nota hanska.	3. Miðlungs	3. Hugsanlegt		
Vinna við moldablöndun eða aðra efnisvinnslu	Klemma/högg	Starfsmaður verður fyrir höggi eða klemmist vegna vinnuvéla	1. Stendur í skotlínu/á hættusvæði 2. Misskilningur í samskiptum	1. Starfsmaður skal vera utan hættusvæðis. Halda sig a.m.k. 3 m frá vinnuvélum. 2. Tryggja skýr samskipti við kranamann.	2. Miklar	2. Ólíklegt		
Vinna við moldablöndun eða aðra efnisvinnslu	Hávaði	Starfsmaður verður fyrir heyrnaskemmd	Vinna í umhverfi þar sem meðaltalshávaði er yfir 85 dB á 8 klst. vinnudegi og/eða þar sem hávaðatoppar fara í 110 dB eða meira.	1. Útiloka/draga úr hávaðavaldi sé þess kostur. 2. Hávaðasöm vinnusvæði skulu hafa viðeigandi öryggismerkingar. 3. Koma í veg fyrir óþarfa skelli við vinnu. 4. Láta starfsmann vita um hávaðasöm vinnurými. Takmarka viðveru starfsmanns í hávaðasömu umhverfi. 5. Nota heyrnahlífar/eyrnatappa. 6. Virða skal merkingar um heyrnahlífanotkun. Athuga að hættumörk eru breytileg eftir lengd vaktar.	3. Miðlungs	2. Ólíklegt	Nokkur áhætta	
Vinna við moldablöndun eða aðra efnisvinnslu	Hávaði	Starfsmaður verður fyrir truflun eða þreytu	Vinna í umhverfi þar sem er óæskilegt/óþægilegt hljóð	Útiloka/draga úr hávaðavaldi sé þess kostur. Nota Heyrnatól/heyrnahlífar/eyrnatappa.	3. Miðlungs	2. Ólíklegt		
Öll vinna	Umhverfi	Mengun (v/olíuleka og spilliefna), úrgangur, rusl	Olíuleki af vélum og tækjum, frágangur spilliefna ekki sem skyldi, umgengni ekki góð	Eftirlit með starfsleyfum. Fylgja eftir öryggisblöðum m.t.t. notkun, flutning og förgun spilliefna. Skrá hreinsun, viðgerðir, tæmingu, losun og förgun. Farartæki skoðuð m.t.t. olíuleka. Tilhögun frágangs og umgengni tilgreint í útboðsgögnum ásamt tiltekt. Skráningarkerfi yfir notkun, flokkun, flutning, förgun og endurvinnslu úrgangs. Fylgja flokkunarkerfi í hvívetna og úrgangi komið til viðurkennds móttökuaðila.	3. Miðlungs	2. Ólíklegt		Búnaður til að taka upp olíu, "oil spill kti" fjarlægja og farga olíublönduðum jarðvegi á viðurkenndan hátt.
Vinnuvélar - skurðgröftur	Umhverfi	Bilanir vélum - olíuleki eða leki af glussa. Ofan í jarðveg	Óhapp eða búnaður gefur sig	Skoða slöngur regulega, athuga með olíusmit og olíuleka daglega. Fá skoðun/vottorð hjá viðurkenndri skoðunarstöð fyrir lekamengun	3. Miðlungs	2. Ólíklegt	Nokkur áhætta	Hreins upp olíu með viðurkenndum búnaði. Moka upp jarðvegi og skila til sorpu

Atvikaskráning

Skráning á atvikum sem eiga sér stað við vinnu fyrir Orkuveitusamstæðuna

Tegund: ☐ Slys ☐ Næstum slys ☐ Hættulegar aðstæður	Tilkynnandi: _____ Deild: _____ Næsti yfirmaður/úrlausnaraðili: _____ Dagsetning atviks: _____ Tími: _____
Lýsing: (Lýsið atburði og/eða aðstæðum á eins nákvæman og hnitmiðaðan hátt og unnt er) _____ _____ _____ _____ _____ _____	

Setjið X ef viðkomandi staðhæfing er rétt:


- ☐ Voru teknar myndir á slysstað eða af áverkum?
- ☐ Kom Vinnueftirlitið á slysstað?
- ☐ Kom lögregla á slysstað?
- ☐ Var starfsmaður fjarverandi frá vinnu vegna slyssins? Fjarvera frá vinnu 1 dag eða fleiri að slysa degi undanskildum. (Ef svo er, – ber vinnuveitanda að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins)

Úrlausn: (Lýsið orsökum og úrbótum á eins nákvæman og hnitmiðaðan hátt og unnt er) _____ _____ _____ _____ _____
--

Tilkynnandi atviks hefur verið upplýstur um úrvinnslu:

- ☐ Já
- ☐ Nei

Viðbragðsáætlun



Slys: Mikilvægt er að kynna fyrir öllu starfsfólki viðbrögð við slysi og símanúmer neyðarlínunnar. Huga þarf að staðsetningu sjúkratösku á verkstað.

Tilkynning til stjórnanda: Stjórnandi spyr nánar út í atvikið til að átta sig betur á umfangi þess.

Tilkynna skal slys til Vinnueftirlitsins og lögreglu eigi síðar en innan sólarhrings frá atviki þegar líkur eru á að slys valdi langvinnu eða varanlegu heilsutjóni. Ef um rafmagnsslys er að ræða skal tilkynna það til Mannvirkjastofnunar. Tilkynningaskylda er sú sama hvort sem starfsmaður, verktaki eða almenningur á í hlut.

Upplýsingaöflun/samtal skal eiga við hinn slasaða til að fá skýra mynd af atvikinu m.t.t. orsaka og forvarna. Stjórnandi útskýrir fyrir starfsmanni hvernig framgangi mála er háttað ef um fjarveruslys er að ræða.

Vettvangsskönnun skal gerð sem fyrst og framkvæmd af: hinum slasaða sé þess kostur, hans stjórnanda og öryggisstjóra (metið í hvert skipti). Vinnueftirlit/lögregla metur þörf fyrir komu sína á vettvang.

Niðurstöðu vettvangsskönnunnar og greiningar á slysi sem unnin er með hlutaðeigandi skal skrá í sniðmát fyrir atvik og er það í verkahring stjórnanda að tryggja umbætur.

Upplýsa skal alla hlutaðeigandi um niðurstöðu greiningar slyssins og þær umbætur sem unnar verða á kjölfar þess.

Formleg skýrsla um slys starfsmanns skal berast Vinnueftirlitinu innan viku frá atburði.